

N-lax ehf.  
Laxamýri  
641 Húsavík

Reykjavík, 4. október 2019  
UST201909-151/H.S.J.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit, 10.07. 2019, hjá N-Lax Laxamýri.**

Þann 10. júlí sl. fór fram eftirlit í N-Lax, Laxamýri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.


**Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:**

- Umfang starfsleyfis. Starfsleyfið er gefið út með 20 tonna framleiðsluheimild á ári. Miðað við uppgefna fóðurnotkun og fóðurstuðul er framleiðsla stöðvarinnar umfram þau tæpu 20 tonn sem eru talin upp í framleiðsluskýrslu rekstraraðila.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 28. október, 2019.**

Virðingarfyllst

  
Hulda S. Jónasdóttir  
Hulda Soffia Jónasdóttir  
sérfræðingur

  
Halla Einarsdóttir  
teymisstjóri

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

**Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
N-Lax	10.07.2019	Laxamýri	4
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
551009-1220	20.03.2023	Já	Landeldi

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?		X		<p>Alin eru villt laxaseiði til sleppinga og bleikja og regnbogasilungur til slátrunar.</p> <p>Skv. framleiðsluskýrslu var tæpum 9 tonnum af regnbogasilungi (1404 g meðalþyngd) og um 4,7 tonnum af bleikju (meðalþyngd 1002 g) slátrað á árinu 2018 og 6,3 tonnum af laxaseiðum (16 g meðalþyngd) sleppt, tæpum 20 tonnum samtals.</p> <p>Um 600 kg af fiski dóu vegna óhapps með súrefniskerfi.</p> <p>Skv. skýrslunni voru birgðir í lok árs 2018 um 4.4 tonn laxaseiði, 26,5 tonn regnbogasilungur og 16 tonn bleikja, samtals um 47 tonn. Ekki kemur fram hver lífmassi stöðvarinnar var í byrjun árs 2018.</p> <p>Miðað við uppgefnar tölur á lífmassa stöðvar í lok árs og fóðurnotkun sem sett er fram í skýrslunni fyrir árið 2018 (30 tonn) virðist sem svo að framleiðsla stöðvarinnar sé umfram 20 tonna umfang leyfis, þar sem rekstraraðili miðar við fóðurstuðulinn 1,3 í útreikningum sínum á losun fosfórs og köfnunarefnis.</p>
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?		X		<p>Rekstraraðili hefur sótt um nýtt starfsleyfi, með 50 tonna umfangi.</p> <p>Til skoðunar er að setja upp tromlusíu í stað settjarnar.</p>
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).		X		Skráningar eru sameiginlegar með N-Lax Auðbrekku. Aðskilja þarf skráningar um framleiðslu, afföll, fóðurnotkun, lyfjanotkun og úrgang.

## Eftirlit með fiskeldisstöð

### Landeldi

				Athygli er einnig vakin á því að með útgáfu nýs leyfis til handa N-lax Laxamýri mun vera gerð ítarlegri krafa m.t.t. skráninga en hefur verið hingað til.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		X		Á ekki við.
Grænu bókhaldi og útstremisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?		X		Á ekki við.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlunar aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Stofnunin óskar eftir uppfærslu viðbragðsáætlunar vegna mengunaróhappa í samræmi við leiðbeiningar sem sendar voru þann 1. ágúst sl.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?		X		
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?		X		
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Leiðbeiningar voru sendar rekstraraðila 1. ágúst sl. og skv. upplýsingum frá rekstraraðila 16. ágúst stóð til að hefja vinnu við gerð áætlana v. rekstrarstöðvunar. Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar barst stofnuninni 29. september.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Tímastilltir fóðrarar fyrir laxaseiðin en stærri fisknum er handgefið og fylgst með hvernig hann tekur.

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

	X	X		<p>Reiknað út frá fóðurnotkun.</p> <p>Miðað er við 20 tonna ársframleiðslu í útreikningum, fóðurstuðul 1,3 og rennsli 100 L/s. Skv. útreikningum rekstraraðila losar eldið því 1,21 tonn á ári (60,5 kg/ framleitt tonn) af föstu og uppleystu köfnunarefnni og 0,21 tonn á ári (10,5 kg/ framleitt tonn) af föstum og uppleystum fosfór.</p> <p>Óliklegt telst að samsetning fóðurs (og þar með losun) í Auðbrekku og Laxamýri sé sú sama, þar sem í Laxamýri eru m.a. fóðruð lítil laxaseiði en í Auðbrekku einungis regnbogasilungur upp í sláturstærð.</p> <p>Skv. framleiðslugögnum frá rekstraraðila var fóðurnotkun hinsvegar 30 tonn sem er meira en miðað var við í losunar útreikningum, svo losunin í tonnum á ári er eitthvað hærri en hér er gert ráð fyrir.</p> <p>Ekki eru til staðar hámarksþörk um losun efna í frárennsli í starfsleyfi, en losun í leyfum gefnum út af UST miðast við 7 kg P/famleitt tonn og 60 kg N/famleitt tonn og útreiknuð losun því nokkuð há.</p> <p>Með vísan í allt ofangreint óskar eftirlitsaðili því eftir frekari gögnum um þessa útreikninga.</p> <p>Sýni voru tekin í júlí 2019 og mæld af Sýni ehf. Bent er á að skv. vöktunaráætlun rekstraraðila skal taka sýni á tímabilinu janúar til apríl.</p>
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk vört?  Mælingar eða útreikningar?  Síðustu mælingar?		X		
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli?	X			Í lagi. Huga þarf að hreinsun settjarnar.

## Eftirlit með fiskeldissstöð

### Landeldi

Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerin að viðtaka.	X			Mikil endurnýting er á vatni og það tví- eða þrínotað efti því hvar kerin eru staðsett.  Eftir seinustu notkun vatns rennur það í settjörn áður en það rennur svo áleiðis út í Mýrarvatn, rétt fyrir ofan Æðarfossa. Skv. rekstraraðila rennur vatnið um 1,2 km leið í myrlendi áður en það nær Laxá.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Laxá í Aðaldal er viðtaki, ferskvatn. Næsta kvísl hennar, er í um 750 m loftlinu frá settjörn.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	X			Sýni tekin fyrir ofan og neðan útrás lækjar út í Mýrarvatnið.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Sameiginlegar skráningar eru með Laxamýri. Aðskilja þarf skráningarnar  Gámaþjónusta sér um móttöku dauðfisks, en einnig er reynt að koma fiski í refafóður eða til Arctic Protein.  Efni úr settjörn er notað á landgræðslulandi.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			Skv. vöktunaráætlun skal mæla P, N, COD og svifagnir þriðja hvert ár.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	X			Niðurstöðum mælinga 2018 var skilað í eftirlitsheimsókn og 2019 í tölvupósti í kjölfarið.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			2020 skv. vöktunaráætlun.  Sýni ehf.

#### Niðurstöður síðasta eftirlits:

Tvö frávik komu fram við eftirlit 2017 er vörðuðu að rekstraraðili framleiddi meira magn í stöðinni en heimild er fyrir í starfsleyfi, að vöktunaráætlun og niðurstöður vöktunarmælinga voru ekki til staðar í eftirliti. Einnig kom fram frávik vegna tryggingar sem seinna var fallið frá.

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

<b>Samantekt:</b>	Lítill stöð í landi Laxamýrar við Laxá í Aðaldal sem elur laxaseiði til sleppingar og bleikju og regnbogasilung til slátrunar. Aðskilja þarf skráningar frá skráningum í Auðbrekku. Upplýsingar um losun eldisins á fosfór og köfnunarefni þurfa að vera skýrari og þau gögn sem útreikningarnir byggja á réttum gögnum, þ.e. raunframleiðslu og -fóðurnotkun. Eitt frávik kom fram við eftirlitið er varðar umfang stöðvarinnar. Eftirlitsaðili óskar eftir því að rekstraraðili kynni sér samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi í landi og starfi í samræmi við þau.
<b>Annað:</b>	Bæklingur um mælanleg umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.

*Undirskrift eftirlitsmanns: Hulda S. Jónasdóttir.*

# EFTIRLITSSKÝRSLA

N-lax ehf. Laxamýri



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits 10.7.2019

Ábyrgðarmaður eftirlits Hulda Soffía Jónasdóttir

Fyrirtæki N-lax ehf.

Eftirlitsmaður

Heimili Laxamýri, Húsavík

Tegund eftirlits Reglubundið

Kennitala 551009-1220

Flokkur Fiskeldi

Fulltrúi fyrirtækis Jón H. Vigfússon

ÍSAT nr. 03.22.0

Fulltrúi fyrirtækis Jón H. Björnsson

Staðsetning

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlitið er varðar umfang stöðvarinnar. Þremur ábendingum er komið á framfæri er varða losun eldis á fosför og köfnunarefni, skráningar og að rekstraraðili kynni sér samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi á landi.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af umhverfisstofnun í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Visað er í meðfylgjandi gátlista.

### Frávik frá

### Lýsing á fráviki

Umfangi starfsleyfis.

Starfsleyfið er gefið út með 20 tonna framleiðsluheimild á ári. Miðað við uppgefna fóðurnotkun og fóðurstuðul er framleiðsla stöðvarinnar umfram þau tæpu 20 tonn sem eru talin upp í framleiðsluskýrslu rekstraraðila.

## ÁBENDINGAR

Bent er á að aðskilja þarf skráningar frá skráningum vegna Auðbrekku, þar sem um tvö aðskilin starfsleyfi er að ræða. Rekstraraðila er bent á að losunarheimild í ferskvatn í leyfum gefnum út af UST er 7 kg P/tonn og 60 kg N/tonn og óskar eftirlisaðili eftir því að fá nánari útlisun á forsendum losunarútreikninga, sbr upptalningu í gátlista. Einnig óskar eftirlitsaðili eftir því að rekstraraðili kynni sér samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi á landi, sem honum hafa verið send í tölvupósti, og starfi í samræmi við þau.

## ANNAÐ


Bæklingur um mælanleg umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.

Eftirlitsaðili óskaði eftir að gerð væri neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar sbr. gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar barst 29. sept sl.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.10.2019

  
Hulda Soffia Jónasdóttir

bls. 4